

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019120007

13. nóvember 2019

Miðbakki austan við Geirsgötu 11, bann við því að leggja

Að ósk Faxaflóahafna er lagt til að sett verði bann við því að leggja við vesturkant Miðbakka austan við Geirsgötu 11. Bannið sé táknað með B21.11.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Borið hefur á því að lagt sé upp við Geirsgötu 11 sem skapar mikil vandræði vegna aksturs hópferðabíla sem eru með safnstæði austan megin í götunni. Í samráði lóðarhafa Geirsgötu 11 hafa Faxaflóahafnir gert tillögu að því að bifreiðastöður verði bannaðar við húsið en opin akstursleið verður að vöruhurð.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Lagt er til að sett verði bann við því að leggja við vesturkant Miðbakka austan Geirsgötu 11, merkt með rauðu. (www.borgarvefsja.is, LUKR/Samsýn)